

Reykjavík 5. desember 1972

Til Fjárveitinganefndar Alþingis:

Fyrir Alþingi liggur nú stjórnarfrumvarp til laga um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila, (þ.e. dagheimila, leikskóla og skóladagheimila) enda stendur í málefnsamningi núverandi ríkisstjórnar, " að sett verði löggjöf um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri barnaheimila." Hér er um að ræða algera stefnubreytingu í þessum málum hér á landi, og er það vel.

A fundi Kvennréttindafélags Íslands, Úa og Rauðsokka, sem haldinn var 15. nóvember s.l. var frumvarp þetta tekið til umræðu og samþykkt að hefja undirskriftasöfnun til stuðnings því ásamt kröfu um að það komi til framkvæmda á næsta ári, og þá verði verulegri fjárhæð varið til þessa máls. Var kosin nefnd til að annast framkvæmdir.

I gjörbreyttu þjóðfélagi er mönnum æ betur að verða ljóst mikilvægi og uppeldislegt gildi vel rekinna dagvistunarheimila með nægu vel menntuðu starfsliði og í hentugu og aðlaðandi húsnæði, án íburðar. Nú er ekki lengur litið á dagheimili sem neyðarúrræði fyrir einstæða foreldra, heldur munu þau í framtíðinni gegna því hlutverki að jafna uppeldisaðstöðu barna og efla félagsþroksa beirra og búa þau undir skólagönguna og þar með lífið sjálft. Væri því réttara að nefna þau forskóla og líta á þau sem hluta skólakerfisins.

Skóladagheimili gegna miklu hlutverki, þar til við höfum náð því marki, að allir skólar verði einsetnir, eins og tíðkast í nágrannalöndum okkar, og nemendur geti lokið allri sinni vinnu í skólanum.

Konur taka nú æ meiri þátt í atvinnulífinu vegna breyttra þjóðfélagsháttar. Samkvæmt upplýsingum frá Framkvæmdastofnun ríkisins, unnu árið 1970, 52 % giftra kvenna að einkverju leyti utan heimilis, en sambærileg tala fyrir árið 1963 var 36 %

Því sendum við yður hér lista með nöfnum rúmlega 2 þúsund manna, sem leggja vilja áherzlu á, að áðurnefnt frumvarp verði afgreitt sem lög frá Alþingi hið allra fyrsta og á fjárlögum fyrir árið 1973 verði verulegri fjárhæð varið til uppbyggingar dagvistunarheimila.

samhljóða brief
einsug sens til
mennstamálanefndar